

## Velferðarvaktin

Vinnuhópur um félagsvísa  
Áfangaskýrsla, apríl 2011

Megintilgangur félagsvísa er að birta á einni heimasíðu safn tölulegra upplýsinga til að auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu. Um skilgreiningar og markmið félagsvísanna er fjallað í stöðuskýrslu frá júní 2009.<sup>1</sup> Með vísunum er lögð áhersla á að birta tölur um tiltekna hópa þegar það á við og þegar því er viðkomið. Má þar nefna áhrif breytinga á kyn, ungt fólk, aldraða, fjölskyldugerð og þá sem standa höllum fæti. Vísarnir eiga að uppfærast reglulega en mismunandi er eftir vísunum hvort þeir koma til með að birtast sjaldnar en árlega, árlega eða ársfjórðungslega. Að baki sjálfum vísunum mun liggja gagnasafn sem er vel skilgreint hvað varðar uppruna gagna, aðgengi að gögnum og kerfislægar breytingar sem skýra sveiflur í gögnum þegar það á við.

Um haustið 2010 samþykkti velferðarvaktin að breyta starfsháttum við mótun félagsvísanna þar sem starfsmaður sem ráðinn var til að afla gagna fyrir þá hafði lokið samningstíma sínum en mikilli vinnu var þó enn ólokið. Ákveðið var að mynda starfshópa með fulltrúum frá stofnunum sem vinna með tölfræðigögn tengd ákveðnum þáttum samfélagsins. Allar stofnanir sem leitað var til samþykktu þátttöku sína og í framhaldi voru myndaðir sex starfshópar sem hafa hist reglulega og unnið að þróun félagsvísanna. Samhliða var ákveðið að setja á fót rýnihóp með fulltrúum frá háskólasamfélaginu til þess að rýna í vinnu starfshópanna og koma með ábendingar eða breytingar á gögnum, skilgreiningum og uppsetningu gagna.

### Starfshópar og verklýsingar:

Nafn:	Stofnun:	Lýsing
Guðmundur Hjaltalín Guðmundur Sigmarsson Halla Björk Marteinsdóttir Kristinn Karlsson Sigríður Jónsdóttir	Tryggingastofnun ríkisins Velferðarsvið Reykjavíkur Barnaverndarstofa  Hagstofa Íslands Velferðarráðuneytið	<b>Afkomuvísar (umsjón Sigríður Jónsdóttir):</b> Greina meðal annars aðstæður þeirra sem framfleyta sér að fullu eða að hluta af lífeyrisgreiðslum og fjárhagsaðstoð sveitarfélags.
Guðbjörg Bergsdóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Konráð Ásgrímsson Margrét Lilja Guðmundsdóttir Margrét Sæmundsdóttir	Ríkislögreglustjóri Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands Hagstofa Íslands Rannsókn & greiningar Efnahags- og	<b>Félags- og menntavísar (umsjón Margrét Sæmundsdóttir):</b> Greina meðal annars lengd vistana fyrir börn á leikskólaaldri, skólasókn á framhaldsskólastigi og háskólastigi eftir ákveðnum námsbrautum, brottfall úr skólum, frammistöðu og brautskráningar eftir ákveðnum námsbrautum. Greina skráningu afbrota og öryggi í samfélaginu. Greina ánægju fólks í samfélaginu.

<sup>1</sup> Í stöðuskýrslunni frá júní 2009 er að finna eftirfarandi skilgreiningar:

Félagsvísar eiga að greina velferð, félagslegar aðstæður og heilsufar íbúa í landinu í ljósi þjóðfélagsaðstæðna og fyrirkomulags þjónustu og gera samanburð mögulegan milli ólíkra tímabila og sveitarfélaga.

Félagsvísar eiga að styðja við stefnumótun stjórnvalda og þróun þjónustu til framtíðar með hliðsjón af upplýsingum sem þeir veita.

Félagsvísar eiga að draga upp heildarmynd af ástandi þegar best lætur þar sem velferð, heilbrigði, vellíðan og þarfir íbúanna eru í brennidepli. Fyrst og fremst eru félagsvísar tæki sem eiga að greina hópa í vanda og þar sem félagslegar aðgerðir og þjónusta skila ekki tilætluðum árangri.

Stefán Baldursson	viðskiptaráðuneytið Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Greina líðan barna í skóla, samveru barna við foreldra og aðstæður þeirra.  <b>Vísar um fjármál heimilanna (umsjón Margrét Sæmundsdóttir):</b> Greina meðal annars skuldastöðu, greiðslubyrði og fjárhagsvanda heimilanna.
Björn Þór Hermannsson Henný Hinz Margrét Sæmundsdóttir	Velferðarráðuneytið Alþýðusamband Íslands Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	
Páll Kolbeins Þröstur Sveinbjörnsson	Ríkisskattstjóri Umboðsmaður skuldara	
Einar Jón Ólafsson Guðmundur Hjaltalín Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir Sigríður Jónsdóttir Sigríður Vilhjálmisdóttir	Velferðarráðuneytið Tryggingastofnun ríkisins Landlækniseimbættið  Velferðarráðuneytið Hagstofa Íslands	<b>Heilbrigðisvísar (umsjón Sigríður Jónsdóttir):</b> Greina þætti sem hafa áhrif á heilbrigði þjóðarinnar, svo sem þróun heilbrigðisþjónustunnar, lyfjamál og sjúkdómsgreiningar.
Kristinn Karlsson Margrét Sæmundsdóttir  Sigríður Jónsdóttir	Hagstofa Íslands Efnahags- og viðskiptaráðuneytið Velferðarráðuneytið	<b>Lýðfræði (umsjón Margrét Sæmundsdóttir og Sigríður Jónsdóttir):</b> Stuðningsbreytur við aðra vísa.
Björn Þór Hermannsson Henný Hinz Karl Sigurðsson Margrét Gunnarsdóttir Margrét Sæmundsdóttir  Ólafur Már Sigurðsson	Velferðarráðuneytið Alþýðusamband Íslands Vinnuálastofnun Vinnuálastofnun Efnahags- og viðskiptaráðuneytið Hagstofa Íslands	<b>Vísar um vinnumarkaðinn (umsjón Margrét Sæmundsdóttir):</b> Greina meðal annars þá sem eru fyrir utan vinnumarkaðinn, eru atvinnulausir, menntun þeirra sem eru starfandi og aðsókn í vinnumarkaðsræði.

Fyrsti fundur með rýnihópnum var haldinn 4. apríl 2011. Almenn ánægja kom fram meðal hópsins og gagnlegar ábendingar bárust sem unnið verður úr á næstu dögum. Í þessum mánuði er áætlað að kynna vísana fyrir velferðarvaktinni og halda áfram að skilgreina gögn og safna tölulegum upplýsingum í samráði við starfshópana og rýnihópinn.

Mikilvægt er á þessu stigi að ákveða hvaða stofnun eða ráðuneyti fari með umsjón og vistun félagsvísanna svo tryggja megi að vísarnir verði í framtíðinni uppfærðir reglulega á einni og sömu heimasíðu.

f.h. félagsvísa  
Margrét Sæmundsdóttir, formaður vinnuhópsins